

1855.

9. maí.

Samkvæmt þessari breytingu þótti það einnig nauðsyn að veita stiptamtmanni vald það, sem í 14. grein einnig er áskilið dómsmálastjórninni, um að höfða mál fyrir að flytja til landsins rit þess efnis, að hegningar sje vert, og þótti það ekki heldur eins ísjárvert, eptir aðferð þeirri sem þar er ákveðin. Samkvæmt þessu er því breytt því, sem þörf var á í áður nefndum greinum, og auk þess er í 14. gr. í staðinn fyrir orðið „stiptstíðindi“ sett „einhverju íslenzku blaði“.

Við 17. gr. Alþingi hafði stungið upp á, að orðin: „Lagaboðið, sem dagsett er 5. dag júlímánaðar 1850 og“ verði úr felld, þar eð lagaboð þetta hafi aldrei verið lögleitt á Íslandi, og hafði stjórnin ekkert á móti því.

17. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmaunsins um verðlagsskrá um hafnargjald í Reykjavík.

12. maí.

Verðlagsskrá, er hjer með fylgir, um gjald fyrir að nota Reykjavíkurböfn, vildi jeg biðja herra stiptamt. að senda bæjarstjórninni í Reykjavík, og skýra henni um leið frá, að verðlagsskrá þessi, að tvennu undan skildu, er þegar skal getið, er samhljóða frumvarpi bæjarstjórnarinnar, er þjer senduð hingað, ásamt álitu yðar um það mál, 24. febrúar næstliðinn. Bæjarstjórnin hafði stungið upp á, að afgjald af skipum, er köstuðu akkerum á höfninni, en fermdu hvorki skip nje affermdu, væri sett 12 til 16 skild. fyrir hvert lestarrúm, í hvert skipti sem skipið kemur á höfnina, og að greiða skuli auk þessa gjalds 8 skild. af hverju lestarrúmi, þegar vöru er upp skipað eða út skipað; en stjórnin hlaut að vera yður samdóma í því, að lækka ætti gjaldið fyrir að kasta einungis akkerum á höfninni, til 4 til 8 skild. af hverju lestarrúmi skipsins, en að þar á móti 8 skild. gjald það af hverju lestarrúmi, sem stungið er upp á í frumvarpinu, sje hækkað til 16 skild. þegar nokkuð er upp skipað eða út skipað; og stjórnin varð einnig að fallast á, af ástæðum þeim, er þjer til færið, að gjald fyrir að ferma og afferma skuli einungis greiða af skipum þeim, er til Íslands fara eða sigla

1855.
12. maí.

burt þaðan, en ekki af skipum sem flytja vörur hafna á milli á Íslandi. Stjórnin gat að lyktum ekki fallizt á það, er stungið var upp á í frumvarpi bæjarstjórnarinnar, að afgjald skyldi greitt fyrir að vera borgari, verzlunarfulltrúi eða skipari, þar eð þess konar gjald, eptir tilskipun 27. nóvember 1846, 4. gr., ekki verður lagt á nema með nýju lagabóði; það virðist og í sjálfu sjer eiga miður vel við, að taka þess konar gjald inn í verðlagsskrá um hafnargjald.

Um leið og þjer skýrið bæjarstjórninni frá hinu áður talda, er herra stiptamt. líka beðinn að annast um, að sett verði hafnarnefnd, — viðlíka eins og ákveðið er í allrahæstum úrskurði 4. apríl 1798, auglýstum með kanselíbrjefi 28. næst á eptir, er hjer með fylgir í eptirriti, og sveitastjórnartilskipuninni fyrir kaupstaðina í Danmörku 24. október 1837, 19. gr. saman borið við reglugjörð 27. nóvember 1846 um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík, 18. gr. —, er hafi þann starfa á höndum, að annast um stjórn á öllu því er höfnina snertir. Þegar hafnarnefndin er sett, umbiðjist þjer að leita álits hennar um, að hve miklu leyti, og þá með hverjum breytingum, hún óskar, að farið sje eptir hinum almennu uppástungum, er hjer með fylgja um reglugjörð fyrir nefndina og reglugjörð um notun hafnarinnar, og senda stjórninni síðan álitsskjal hennar ásamt yðar eigin athugasemdum. Einnig eruð þjer beðnir að bjóða bæjarstjórninni að annast um, að hafnargjalds-skráin verði auglýst á prenti og annan hæfilegan hátt, undir eins og hún er orðin gild, sem ekki verður fyr, en búið er að setja hafnarmerki það við Akurey og tunnudufl á höfninni, sem getið er í brjefi bæjarstjórnarinnar 5. febrúar næstliðinn; og auk þess vonar stjórnin að fá nákvæma skýrslu um áhrif þau, er hafnargjaldið, sem skal gilda fyrst um sinn, hefur haft, og uppástungur um þær breytingar á því, er reynslan kann að sýna að sjeu hentugar.